

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Hvanneyri, 30. september 2025
202509-0087/S.p.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Árborgar 2020 – 2036 og nýtt deiliskipulag Iðnaðarlóð Fossnes - Sveitarfélagið Árborg.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar er barst 12. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um skipulagslýsingu, framlagðrar deiliskipulagstillögu og tillögu að breytingu á Aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Fossnes, iðnaðarlóðar -1260/2025 innan sveitarfélagsins Árborgar.

Í greinargerð kemur fram að um sé að ræða skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 og nýtt deiliskipulag í landi Fossnes, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær til um 10,6 ha. lands sem nær yfir tvær lóðir Sláturfélagsins. Annars vegar er um að ræða lóð sláturhússins, sem er 9,6 ha. að stærð og hins vegar lóð Bjargs, sem er um 1 ha. að stærð. Innan skipulagsreits er að finna verslunar- og þjónustureit (VP5), iðnaðarsvæði (I2) og opið svæði (OP1) sem er útivistarsvæði meðfram Ölfusá en nær inn á báðar lóðir Sláturfélagsins. Í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir breytingu á landnotkun.

Vistgerðir

Í skipulagslýsingu er m.a. fjallað um náttúrufar og vistgerðir og fullyrt að um litlar sem engar breytingar verði að ræða á vistgerðum vegna skipulagsáforma og þess getið að það verði aðallega ræktað land, tún, sem verði fyrir áhrifum.

Í því samhengi bendir Náttúruverndarstofnun á að innan skipulagssvæðisins og í nágrenni þess eru eftirtaldar vistgerðir skráðar í vefsíðu Náttúrufræðistofnunar sem hafa miðlungs hátt, hátt eða mjög hátt verndargildi:

Grasmóavist – Hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Língresis og vingulsvist – Hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Lyngmóavist – Hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Grasengjavist – Hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Stinnastararvist – Miðlungs verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Runnamýrarvist á láglandi – Mjög hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Víðíkjarvist -Mjög hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Snarrótarvist – Hátt verndargildi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Náttúruverndarstofnun telur að fjalla þurfi um þessar vistgerðir í skipulagstillögunum, útbreiðsla þeirra verði skráð og færð inná kort meðfylgjandi skipulagstillöguog þess sérstaklega getið á framkvæmdir raski ekki verndargildi þeirra.

Mikilvægt fuglasvæði

Í skipulagslýsingu er fjallað um náttúrufar og náttúruvernd í köflum 3.4 og 3.5. Þar er hvergi tilgreint að allt sveitarfélagið er skráð mikilvægt fuglasvæði.¹ Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Mófuglar nýta tún og framræst land í verulegum mæli, bæði sem fæðusvæði og jaðra þeirra til varps. Þannig gegna tún mikilvægu hlutverki fyrir tegundir á borð við spóa, heiðlóu, jaðrakan, stelk og hrossagauk, þótt þau séu manngerð búsvæði. Stofnunin bendir á góða samantekt Tómasar Grétars Gunnarssonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.²

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025³, en síðasti válisti hafði verið birtur árið 2018. Mófuglar hafa átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeýðing, en á síðustu 10-15 árum hafa stofnar þessara tegunda minnkað um allt að 30-40%. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra.

Auk mófugla nýta stórir hópar gæsa og álfta tún og akurlendi á Suðurlandsundirlendi, einkum til beitar og hvíldar á fartíma. Þar má nefna álft, en talið er að allt að 400 pör verpi á svæðinu og um 11.000 fuglar dvelji þar á fartíma; heiðagæs, með allt að 25.000 einstaklinga á fartíma; blesgæs, með um 6.158 fugla á fartíma; og grágæs, sem getur numið yfir 40.000 fuglum á fartíma (talningar frá 2012-2016).⁴

Af framangreindu telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að í skipulagslýsingunni verði fjallað um mikilvægi fuglalífs og tilgreint verði að fyrirhuguðum eða mögulegum framkvæmdum verði haldið í lágmarki á varptíma fugla.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun vill benda á ákvæði 62. gr. náttúruverndarlaga þar sem þess er getið að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² [Að taka tillit til mófugla á varptíma](#)

³ [Válisti fugla 2025 | Náttúrufræðistofnun](#)

⁴ [Suðurlandsundirlendi | Náttúrufræðistofnun](#)

Aðgengi almennings

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að í skipulaginu verði tryggt nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram strandlengjunni, ám og vötnum svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr. 5.3.2.14., þar sem fjallað er um skipulag við vötn ár og sjó.

Ásýnd

Í matslýsingu greinargerðar er nefnt að skipulagið geti haft sjónræn áhrif í landslaginu og að fyrirhuguð/möguleg bygging verði mjög sýnileg frá kirkjunni og kirkjugarðinum sem eru hinu megin árinna, sem og frá núverandi Suðurlandsvegi.

Í þessu samhengi vill Náttúruverndarstofnun benda á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásýnd svæðisins.

Vatnshlot

Í skipulagslýsingu vegna er fjallað um vatnshlot og nefnt að vatnshlotið sem hér um ræðir hefur skráð álag vegna skólps og fráveitu. Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem skipulagslýsingin gerir ráð fyrir umtalsverðri stækkun afurðastöðvar sláturhúss/afurðastöðvar og fjölgunar starfsmannarýna þurfi að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027 í greinargerð. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við og þar sem fyrirséð er álag á vatn. Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.⁵ Stofnunin telur mikilvægt að skipulagið sé í samræmi við vatnaáætlun og ofangreindum lögum. Vakin er athygli á að Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið leiðbeiningar um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot.⁶

Fornminjar

Skráðar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins og er gerð grein fyrir þeim í matslýsingu greinargerðar. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að haft verði samband við Minjastofnun vegna framkvæmda sem munu hafa áhrif á minjarnar.

Virðingarfyllt,

Skúli Þórðarson
verkefnastjóri
Axel Benediktsson
sérfræðingur

⁵ [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%C3%A1%C3%A6tlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf)

⁶ <https://ust.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>